

Nd.

502. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 frá 27. maí 1938, um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er framkvæmdanefnd að fyrirskipa, samkvæmt óskum sveitarstjórnar eða upprekstrarfélags, breyting á fjallgöngum, smölun heimalanda og réttum, ef það telst nauðsynlegt til heftingar útbreiðslu veikinnar.

Breytingar þessar skulu bornar undir stjórnir nærliggjandi sveitar- eða upprekstrarfélaga áður en þær eru fyrirskipaðar.

Breytingar þessar teljast ekki brot á fjallskilareglugerðum.

2. gr.

Aftan við síðari málsgr. 18. gr. laganna bætist: Landbúnaðarráðherra er heimilt, eftir tillögum framkvæmdanefndar, að fella niður tíu aura gjaldið í þeim hreppum, sem garna veikin (Johnesveikin) hefir valdið tjóni.

3. gr.

- a. Í stað orðanna „í árslok 1937“ í 1. tölul. 19. gr. laganna komi: í ársbyrjun árið áður en styrkurinn er veittur.
- b. Í stað orðanna „Til sýslu- og hreppavega“ í upphafi 2. tölul. sömu lagagr. komi: Til vegna.
- c. Aftan við sömu lagagrein bætist:

Nú hefir mæðiveiki gengið í einhverju héraði og er komin á það stig, að ráðlegt telst að dómi framkvæmdanefndar, að fjárstofninum sé komið upp að nýju, og er henni þá heimilt, af fjárframlögum þeim, sem ákveðin eru í fjárlögum samkvæmt grein þessari, að styrkja þá fjáreigendur á mæðiveikisvæðunum, sem misst hafa fé sitt af völdum veikinnar, til þess að koma sér upp nýjum fjárstofni.

Landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum framkvæmdanefndar, reglur þær, sem styrkjum þessum er úthlutað eftir.

4. gr.

Tvær síðari málsgreinar 22. gr. laganna falla burt.

5. gr.

Breytingar þessar, svo og breytingar sömu laga frá 12. júní 1939 skulu felldar inn í meginmál laganna.